Fjárfestingarstefna 2023

LÍFSVERK LÍFEYRISSJÓÐUR

Nóvember 2022

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

Efnisyfirlit

1. Forsendur fjárfestingarstefnu Lífsverks 2

1.1 Inngangur 2

1.2 Efnahagshorfur og aðstæður á fjármálamörkuðum 2
1.2.1 Innlendur fjármálamarkaður 2

1.2.2 Erlendir fjármálamarkaðir 3

1.3 Mat á ávöxtun, áhættu og fylgni eignaflokka 3

1.4 Vinnulag eignastýringar 4
1.4.1 Áhættugreining eigna og skuldbindinga 4

1.4.2 Verkferlar, eigið áhættumat og eftirlit 4

1.4.3 Heimildir eignastýringar 5

1.4.4 Ábyrgar fjárfestingar 5

2. Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar 5

2.1 Skuldbindingar samtryggingardeildar 5
2.1.1 Aldurssamsetning 7

2.1.2 Framtíðargreiðsluflæði og áætluð greiðslubyrði 7

2.2 Markmið og áherslur fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar 9
2.2.1 Takmarkanir, viðmið og markmið fyrir samtryggingardeild 11

3. Fjárfestingarstefna séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar 17

3.1 Fjárfestingarstefna Lífsverks 1 18
3.1.1 Takmarkanir, viðmið og markmið fyrir Lífsverk 1 19

3.2 Fjárfestingarstefna Lífsverks 2 21
3.2.1 Takmarkanir, viðmið og markmið fyrir Lífsverk 2 22

3.3 Fjárfestingarstefna Lífsverks 3 24
3.3.1 Takmarkanir, viðmið og markmið fyrir Lífsverk 3 24

4. Undirskrift stjórnar og framkvæmdastjóra 26

1. Forsendur fjárfestingarstefnu Lífsverks

1.1 Inngangur

Fjárfestingarstefna Lífsverks er sett í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum. Stjórn Lífsverks setur sjóðnum fjárfestingarstefnu fyrir samtryggingardeild og séreignardeildir ár hvert. Hér á eftir er fjallað um helstu forsendur sem fjárfestingarstefnan byggir á, m.a. efnahagshorfur, mat á ávöxtun, áhættu og fylgni, aldurssamsetningu sjóðfélaga og rétthafa, lífeyrisbyrði og framtíðargreiðslubyrði. Auk þess er umfjöllun um vinnulag eignastýringar þar sem áhættugreiningum, verkferlum, heimildum eignastýringar og ábyrgum fjárfestingum eru gerð skil. Hagsmunir sjóðfélaga og rétthafa eru ávallt hafðir að leiðarljósi við mótun fjárfestingarstefnu sjóðsins.

1.2 Efnahagshorfur og aðstæður á fjármálamörkuðum

Staða efnahagsmála er að mörgu leyti ágæt á Íslandi en óvissa er nokkur. Helstu greiningaraðilar og Hagstofa Íslands[1] spá að meðaltali 6,2% hagvexti á árinu 2022 eða frá 5,1% upp í 7,3%. Árið 2023 verði minni hagvöxtur, en spáð er að meðaltali 2,2% hagvexti og liggja spárnar á bilinu frá 1,6 % til 2,9%. 12 mánaða verðbólga hér á landi er nú 9,4% en verðbólguspá fyrir árið 2022 er að meðaltali 8,0%. Flestir greiningaraðilar telja að hámarki verðbólgu sé náð í ár og að draga muni úr verðbólguþrýstingi eftir því sem líður á næsta ár og meðaltalsverðbólga verði þá um 5,9%. Atvinnuleysi er lágt, 2,8% m.v. tölur Vinnumálastofnunar í september 2022 og spáð er að það verði að meðaltali 3,5% á næsta ári.

Staða efnahagsmála á heimsvísu er heldur dökk, hagvöxtur fer minnkandi og verðbólga um allan heim er há. Í Bandaríkjunum mælist hagvöxtur 2,6% og verðbólga 8,2% og á Evrusvæðinu var hagvöxtur 3,0% og verðbólga 9,9% m.v. mælingar í september 2022[2]. Efnahags- og framfarastofnunin (e. OECD) mælir 12 mánaða verðbólgu í helstu aðildarlöndum (G20) 8,2% m.v. september 2022. Viðbrögð seðlabanka halda áfram að leika mikilvægt hlutverk í því hvernig hagkerfum heimsins mun farnast, m.a. hvort þau nái tökum á verðbólgu án þess að skapa kreppu innan landa sinna, hvað þá djúpa kreppu. Tíminn mun leiða það í ljós. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn[3] (e. IMF) spáir 3,2% hagvexti í heiminum á árinu 2022 en að hann verði 2,7% á árinu 2023. Spár OECD eru á svipuðum nótum þó aðeins hærri eða 3,5% hagvöxtur fyrir árið 2022 en aðeins lægri eða 2,3% á árinu 2023. Til að bæta gráu ofan á svart þá skapar áframhaldandi stríðsrekstur í Evrópu enn meiri óvissu, ofan á aðrar hörmungar sem fylgja stríði. Efnahags- og framfarastofnunin[4] spáir að verðbólga hafi náð hámarki árið 2022 í G20 löndunum og lækki í 6,6% á árinu 2023. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að verðbólga á heimsvísu verði 8,8% árið 2022 en lækki í 6,5% fyrir árið 2023 og verði svo 4,1% árið þar á eftir. Meiri líkur séu þó á því að verðbólga verði meiri heldur en minni en spáð er, sérstaklega meðal vestrænna ríkja. Spá um hagvöxt á heimsvísu hefur ekki verið jafn svartsýn áratugum saman (ef undanskilin er fjármálakreppan og Covid-19 árin) enda byggja spár á því að allt að þriðjungur landa í heiminum finni fyrir samdrætti, spurningin sé einungis hversu mikill hann verður. Það má því segja að næstu ár verði heimshagkerfum líklega erfið en einnig að óvissan sé mikil.

1.2.1 Innlendur fjármálamarkaður

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra innlendra skuldabréfa hefur lækkað verulega frá fjármálahruni 2008. Verðtryggðir ríkisvextir náðu lágmarki um lok fyrsta ársfjórðungs 2022 en hafa hækkað um 1,5% til loka þriðja ársfjóðungs. Verðtryggðir ríkisvextir eru þó sögulega enn lágir eða tæplega 2% til 5 og 10 ára.

[1] Arion banki; efnahagshorfur 2022-2025, Íslandsbanki; þjóðhagsspá og Landsbankinn; þjóðhagsspá, Hagstofa Íslands, Þjóðhagsspá að sumri.
[2] The Economist; Economic and financial indicators, 29. október 2022.
[3] IMF; World Economic Outlook, 17. október 2022.
[4] OECD; Paying the price of war, Economic outlook, september 2022.

Óverðtryggðir vextir lækkuðu einnig frá fjármálahruni en tóku þó að hækka aftur frá miðju ári 2020. Þar með hafa verðbólguvæntingar hækkað verulega. Seðlabankinn hefur síðan á fyrri hluta árs 2021 hækkað stýrivexti úr 0,75% í 6,0% til að reyna að sporna við aukinni verðbólgu. Væntingar markaðsaðila skv. könnun Seðlabankans eru á þá leið að stýrivextir hafi náð hámarki en taki að lækka á seinni hluta næsta árs í takt við væntingar um lækkun verðbólgu.

Innlendur hlutabréfamarkaður hefur átt undir högg að sækja á árinu. Hækkandi vextir, há verðbólga og pólitísk óvissa fer almennt illa í hlutabréfamarkaði og lækkaði OMXIGI (All shares) um 15,9% og OMXI10GI um 25,2% miðað við lok september 2022. Þó að ávöxtun á innlendum hlutabréfum í heild sé neikvæð það sem af er ári stendur innlent hagkerfi vel, töluverður hagvöxtur hefur mælst hér á landi og einkaneysla verið kröftug. Heilt yfir má segja að uppgjör félaganna í kauphöllinni, Nasdaq OMX Iceland, hafi verið sterk á árinu. Þá hefur töluverðum fjármunum verið skilað til fjárfesta í formi arðgreiðslna, endurkaupa á eigin hlutabréfum og sölu eigna, samanber sölu Símans á Mílu og Origo á Tempo. Innlend hlutabréf voru svo færð upp í flokk nýmarkaða (e. Secondary Emerging) í gæðamati hjá alþjóðlega vísitölufyrirtækinu FTSE í september sem telst jákvætt fyrir innlendan hlutabréfamarkað.

1.2.2 Erlendir fjármálamarkaðir

Ávöxtunarkrafa erlendra skuldabréfa hefur verið sögulega lág undanfarin ár en byrjaði að hækka á árinu 2022 og heimsvísitala skuldabréfa (e. Bloomberg Global Aggregate Index) hefur lækkað um 19,9% það sem af er ári 2022 mælt í dollar m.v. lok september 2022. Seðlabankar um allan heim hófu vaxtahækkunarferli á árinu 2022 af alvöru, og ekki sér enn fyrir endann á því ferli.

Erlendir hlutabréfamarkaðir hafa almennt lækkað það sem af er ári 2022. Heimsvísitala hlutabréfa (e. MSCI All Country Index) hefur lækkað um 25,6% mælt í dollar en 17,5% mælt í krónu m.v. lok september 2022. Bandaríska S&P500 vísitalan hefur lækkað um 24,8% m.v. sama tíma í dollar. Nýmarkaðir hafa einnig almennt lækkað en hlutabréfavísitala nýmarkaðsríkja (e. MSCI Emerging Markets Index), hefur lækkað um 28,9% mælt í dollar m.v. sama tíma og hlutabréfavísitala í Evrópu (e. MSCI Europe) hefur lækkkað um 19,3%. Erlendir hlutabréfamarkaðir spanna vítt svið atvinnugreina og landsvæða en verðlagning hlutabréfa er orðin ásættanleg á mörgum sviðum. Enn er þó óvissa um þróun hlutabréfa á erlendum mörkuðum og vænta má að verð muni sveiflast áfram næstu misserin.

1.3 Mat á ávöxtun, áhættu og fylgni eignaflokka

Við mat á ávöxtun innlendra skuldabréfa er stuðst við núverandi ávöxtunarkröfu á markaði sem og mat sjóðsins og sérfræðinga á markaði. Í töflu 1-1 er yfirlit yfir fimm ára meðalársávöxtun helstu eignaflokka, mat á væntri ávöxtun, sögulega áhættu fyrir sama tímabil og vegna áhættu, þ.e. nýrri gögn vega þyngra en eldri mælingar.

Vísitala	Lýsing á vísitölu	Söguleg ársávöxtun (síðustu 5 ár í heimamynt)	Vænt markaðsávöxtun (í heimamynt)	Söguleg áhætta (flökt síðustu 5 ára)	Vegin áhætta (flökt síðustu 5 ára)
OMXI3MNI	Ísl. skuldabréf 3ja mán. óverðtryggt	3,2%	6,5%	6,8%	8,0%
OMXI1YNI	Ísl. skuldabréf 1 árs óverðtryggt	3,5%	6,5%	3,0%	3,4%
OMXI5YNI	Ísl. skuldabréf 5 ára óverðtryggt	3,6%	6,5%	4,0%	3,6%
OMXI5YI	Ísl. skuldabréf 5 ára verðtryggt	6,0%	7,0%	3,0%	3,6%
OMXI10YI	Ísl. skuldabréf 10 ára verðtryggt	6,5%	6,5%	5,2%	6,9%
OMXIGI	Íslensk hlutabréf	13,3%	10,0%	14,7%	16,9%
FMRTOT	Ísl. fasteignasjóðir (FMR heildarvísitala)	10,0%	1,0%	2,9%	4,2%
MSCI	Erlend hlutabréf	5,3%	10,0%	16,1%	16,6%
LBUSTRUU	Erlend lánshæf skuldabréf	-0,3%	5,5%	11,6%	10,2%
IBOXHY	Erlend hávaxtaskuldabréf	1,1%	7,5%	10,5%	10,2%
DWGRST	Erlendir fasteignasjóðir	0,01%	1,0%	18,1%	19,5%
ROGRTR	Erlendir hrávörusjóðir	10,6%	5,0%	18,1%	17,9%
HFRIFOF	Erlendir vogunarsjóðir	3,8%	4,0%	9,6%	9,2%

Tafla 1-1: Mat á ávöxtun og áhættu eignaflokka.

Skoðun á 5 ára fylgni helstu eignaflokka leiðir í ljós að innlend hlutabréf hafa umtalsverða jákvæða fylgni við erlend hlutabréf en neikvæða fylgni við innlend skuldabréf sér í lagi verðtryggð. Innlend óverðtryggð skuldabréf hafa jákvæða fylgni við innlend verðtryggð skuldabréf. Hins vegar hafa íslensk ríkisskuldabréf lága eða ómarktæka fylgni við flesta erlenda eignaflokka, nema helst við erlend lánshæf skuldabréf þar sem fylgnin er lítillega jákvæð. Íslensk skuldabréf, önnur en ríkisskuldabréf, hafa svo haft lítillega jákvæða fylgni við erlend hluta- og skuldabréf.

1.4 Vinnulag eignastýringar

Markmið Lífsverks er að ávaxta fé sjóðsins sem best með tilliti til áhættu hverju sinni og hafa hagsmuni sjóðfélaga og rétthafa að leiðarljósi. Til að framfylgja því markmiði hefur Lífsverk sett sér vinnulag um eftirlit með áhættu og verklagi og reglur um heimildir.

1.4.1 Áhættugreining eigna og skuldbindinga

Áhættugreining sjóðsins byggir á gögnum um eignastöðu hans ásamt greiningu á sögulegri ávöxtun einstakra eigna og eignaflokka, flökti þeirra og fylgni. Áhættuþættir sjóðsins tengjast eignum sjóðsins (s.s. markaðs- og mótaðilaáhætta), skuldbindingum hans (s.s. lausafjár- og lífeyristryggingaráhætta) og umhverfi (s.s. rekstraráhætta) og notar sjóðurinn ýmsa mælikvarða við mat á áhættu sem og aðferðir til að stýra henni. Nánar er fjallað um áhættumælikvarða í Áhættustefnu Lífsverks lífeyrissjóðs.

Fjárfestingarstefna sjóðsins útlistar hvernig sjóðurinn hyggst ávaxta eignir sínar í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum hans og hámarka réttindi sjóðfélaga með tilliti til áhættuvilja stjórnar og áhættuþols sjóðsins á hverjum tíma. Við ávöxtun eigna sjóðsins eru fjárfestingakostir metnir út frá samspili ávöxtunar og áhættu, bæði hvað varðar staka fjárfestingarkosti sem og eignasafns í heild. Upplýsingar um öryggi, svo sem varðandi val á samstarfsaðilum, gæði áreiðanleika og tiltækileika fjárhagsupplýsinga og lausafjárstöðu eru m.a. hafðar til hliðsjónar við greiningu fjárfestingarkosta. Auk þess er lagt mat á UFS þætti fjárfestingar, þar með talið siðferðislega þætti og hvort fjárfesting sé í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar. Nánar er fjallað um fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar og helstu takmarkanir og viðmið sem eru lögð til grundvallar við fjárfestingarákvarðarnir í kafla 2.2.1 og köflum 3.1.1, 3.2.1 og 3.3.1 fyrir séreignadeildir.

Stjórn sjóðsins setur sjóðnum áhættustefnu þar sem skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar eru skilgreind. Áhættustefnan er sett í samræmi við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Áhættuvilji stjórnar og áhættuþol sjóðsins eru skilgreind í áhættustefnunni. Í samræmi við áhættustefnu sjóðsins er fjárhagsleg áhætta, mótaðilaáhætta, lausafjáráhætta og lífeyristryggingaráhætta skilgreind sem áhætta tengd eignum og skuldbindingum sjóðsins (efnahagsreikningi sjóðsins) og áhætta tengd sjóðstreymi. Mælikvarðar áhættuvilja og áhættuþols fyrir þessa áhættuþætti eru skilgreindir í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins og þau vikmörk sem í henni eru sett.

1.4.2 Verkferlar, eigið áhættumat og eftirlit

Eignastýring Lífsverks hefur eftirlit með eignum sjóðsins og vaktar eignirnar sem nú þegar eru í safni hans hvort sem um er að ræða einstakar eignir, safn eigna eða sjóðinn í heild. Settir hafa verið verkferlar um fjárfestingarferli fjárfestinga til að tryggja að þær séu í samræmi við lög og reglugerðir. Í verkferlum kemur m.a. fram hvaða greiningar og upplýsingar skulu að lágmarki liggja til grundvallar viðskiptum, eftir eðli og umfangi þeirra og að lagt sé mat á helstu áhættuþætti sem varða fjárfestinguna. Samkvæmt verkferli um lausafjárstýringu skal vera til nægt laust fé hverju sinni til að mæta skuldbindingum og að hlutfall innstæðna sé í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Áhættustýring sjóðsins ber ábyrgð á áhættueftirliti sjóðsins. Áhættustýring hefur eftirlit og vöktun með áhættumælikvörðum, hefur umsjón með skýrslugjöf og gerir viðeigandi aðilum viðvart ef mælikvarðarnir nálgast eða fara út fyrir lögbundin mörk, áhættuþol sjóðsins eða innri mörk sjóðsins.

Stjórn fer mánaðarlega yfir eignastöðu sjóðsins og breytingar sem verða milli mánaða. Úttekt innri og ytri endurskoðenda fer fram árlega og sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem m.a. felst í reglulegri skýrslugjöf. Auk áhættustefnu og áhættustýringarstefnu ber stjórn sjóðsins ábyrgð á að framkvæmt sé eigið áhættumat a.m.k. árlega og hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins. Framkvæmdastjóri leggur skýrslu um eigið áhættumat fyrir stjórn fyrir lok maí ár hvert.

1.4.3 Heimildir eignastýringar

Eignastýring vinnur eftir heimildum framkvæmdastjóra sem endurskoðaðar eru að minnsta kosti árlega og takmarkast jafnframt við fjárfestingarstefnu þessa. Ákvarðanir um viðskipti sem eru óvenjuleg eða meiri háttar má aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Stjórn sjóðsins hefur skilgreint óvenjulegar fjárfestingar sem þær fjárfestingar sem falla utan ramma hefðbundinna fjárfestinga og meiri háttar fjárfestingar ef þær nema a.m.k. 1,5% af hreinni eign samtryggingardeildar. Undanþegnar þessum takmörkunum eru þó fjárfestingar í skuldabréfum með ríkisábyrgð. Forstöðumaður eignastýringar mótar áætlun í fjárfestingum til skemmri tíma og innan ramma fjárfestingarstefnu í samráði við framkvæmdastjóra. Stjórn Lífsverks hefur veitt eignastýringu heimildir til að ganga til afleiðusamninga til áhættuvarna.

1.4.4 Ábyrgar fjárfestingar

Lífsverk leggur áherslu á ábyrgar fjárfestingar og hefur m.a. í þeim tilgangi gerst aðili að samtökum Sameinuðu þjóðanna um innleiðingu grundvallarviðmiða um ábyrgar fjárfestingar (e. PRI eða Principles of Responsible Investment). Með aðild sinni skuldbindur sjóðurinn sig til að taka tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta (UFS) við fjárfestingar. Sjóðurinn er stofnaðili að IcelandSIF, íslenskum umræðuvettvangi fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Á árinu 2020 gerðist sjóðurinn aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Þá hefur sjóðurinn sett sér stefnu í ábyrgum fjárfestingum, í samræmi við 5. tölulið 1. mgr. laga nr. 129/1997, þar sem kveðið er á um að lífeyrissjóðir skuli setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum og er hún birt á vefsvæði sjóðsins. Endurskoðun stefnu sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum fer fram haustið 2022 og er ætlunin að uppfærð stefna liggi fyrir snemma árs 2023. Hluthafastefna sjóðsins er jafnframt birt á vefsvæði sjóðsins en þar kemur fram að sjóðurinn leitast við að kanna hvort fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í fylgi viðurkenndum leiðbeinandi reglum um góða stjórnarhætti, ábyrgar fjárfestingar, samfélagslega ábyrgð og samskipta- og siðareglur á fjármagnsmarkaði. Lífsverk undirritaði viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um markmið til ársins 2030 um stóraukna fjárfestingu í verkefnum, sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum, með það að markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda til samræmis við ákvæði Parísarsáttmálans frá árinu 2015.

2. Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar

2.1 Skuldbindingar samtryggingardeildar

Réttindaöflun í samtryggingardeild er aldurstengd og felur þannig í sér að því yngri sem sjóðfélagar eru þegar þeir greiða iðgjöld þeim mun meiri lífeyrisrétt ávinna þeir sér. Forsendur réttindataflna gera ráð fyrir 3,5% raunávöxtun skv. reglugerð. Til að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar vegna réttinda sem myndast samkvæmt réttindatöflum þarf hann því að jafnaði að ná 3,5% árlegri raunávöxtun án tillits til annars sem áhrif kann að hafa á skuldbindingar sjóðsins, svo sem hækkandi lífaldurs. Sjóðurinn ráðstafar að lágmarki 10% af skylduframlagi sjóðfélaga í samtryggingu, sem nægir til lágmarkstryggingaverndar samkvæmt lögum nr. 129/1997. Sjóðfélagi hefur val um að leggja það sem umfram er í séreignarsjóð. Samkvæmt flestum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er mótframlag launagreiðenda nú 11,5% og eru heildariðgjöld á almennum vinnumarkaði því orðin 15,5% til samræmis við iðgjöld á opinberum markaði. Lágmarksiðgjald samkvæmt lögum hækkar úr 12% af launum í 15,5% frá 1. janúar 2023.

Ellilífeyrir

Almennur ellilífeyrisaldur er við 67 ára aldur. Heimilt er að flýta töku ellilífeyris um allt að sjö ár og fara þannig á lífeyri við 60 ára aldur, en þegar töku lífeyris er flýtt lækkar lífeyririnn um ákveðinn hundraðshluta fyrir hvern mánuð. Einnig er heimilt að fresta töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs og hækkar lífeyririnn um ákveðinn hundraðshluta fyrir hvern mánuð frestunar. Ellilífeyrir greiðist til æviloka. Sjóðfélagi getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris að hálfu hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð.

Örorkulífeyrir

Sjóðfélagi sem vegna örorku er ekki metinn hæfur til þess að gegna starfi sínu á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum. Skilyrði er að örorka hans sé metin meira en 40% og er þá litið til getu sjóðfélagans til þess að stunda starf sitt. Eigi sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum fær hann sama hlutfall af fullum örorkulífeyri og örorkan er metin.

Örorkulífeyrir vegna 100% örorku er jafnhár þeim ellilífeyri sem sjóðfélaginn hefði öðlast við 65 ára aldur ef hann hefði greitt viðmiðunariðgjald til sjóðsins frá upphafi örorku til 65 ára aldurs. Viðmiðunariðgjaldið er meðaltal tekna sjóðfélagans síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið, verðbætt með vísitölu neysluverðs. Þannig samanstendur örorkulífeyririnn af áunnum lífeyrisrétti sem þegar inngreidd iðgjöld skapa og af framreiknuðum lífeyrisrétti vegna þess tíma sem eftir er fram til 65 ára aldurs.

Makalífeyrir

Makalífeyrir er greiddur til maka látins sjóðfélaga í minnst 60 mánuði og lengur ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

1. Yngsta barn sjóðfélaga er yngra en 19 ára.
2. Makinn er 50% öryrki.
3. Makinn hefur náð 67 ára aldri og er ekki í hjónabandi eða sambúð.

Fullur makalífeyrir er 60% af þeim örorkulífeyri sem hinn látni sjóðfélagi hefði hlotið ef hann hefði orðið 100% öryrki á dánardægri. Hafi hinn látni verið ellilífeyrisþegi verður lífeyrir makans 60% af ellilífeyri hans. Makalífeyrir getur fallið niður eftir fimm ár hafi maki ekki náð 67 ára aldri. Við 67 ára aldur maka látins sjóðfélaga öðlast hann á ný rétt til makalífeyris enda hafi makalífeyrir fallið niður áður og makinn ekki gengið í hjónaband eða hafið sambúð á ný. Við þessar aðstæður skal makalífeyrir vera 60% af þeim ellilífeyrisrétti sem hinn látni ávann sér fyrir 1. janúar 2007. Þessi lífeyrisréttur helst til æviloka nema maki sjóðfélaga gangi í hjónaband eða hefji sambúð á ný. Áunnin réttindi eftir 1. janúar 2007 veita rétt til makalífeyris í fimm ár frá dánardægri sjóðfélaga.

Barnalífeyrir

Barnalífeyrir er greiddur með börnum og kjörbörnum sjóðfélaga sem er látinn eða verður fyrir örorku og fær örorkulífeyri úr sjóðnum. Sama rétt eiga einnig fósturbörn og stjúpbörn hafi sjóðfélaginn séð um framfærslu þeirra að mestu eða öllu leyti. Barnalífeyrir er greiddur til 19 ára aldurs barns. Ef barnið á foreldri, kjörforeldri eða fósturforeldri á lífi sem sér um framfærslu þess er lífeyrir þess 15% af þeim örorkulífeyri sem hinn látni sjóðfélagi hefði hlotið ef hann hefði orðið 100% öryrki á dánardægri. Hafi hinn látni verið ellilífeyrisþegi er lífeyrir barnsins 15% af ellilífeyri hans. Barnalífeyrir barna, kjörbarna og fósturbarna sjóðfélaga sem verður öryrki og fær örorkulífeyri úr sjóðnum skal vera 15% af þeim örorkulífeyri sem sjóðfélaginn fær.

Fullur barnalífeyrir skal að lágmarki vera 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir að lágmarki vera 7.500 kr. Þessar fjárhæðir breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun í lok árs 2021 var heildartryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 0,2% samanborið við 1,2% jákvæða stöðu í lok fyrra árs. Staða áfallinna skuldbindinga var jákvæð um 5,6% en staða framtíðarskuldbindinga var neikvæð um 10,6%. Athugunin var byggð á nýjum dánar- og lífslíkum sem samþykktar voru af fjármálaráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Byggt er á nýjum forsendum á reiknigrunni um lífslíkur, þar sem spár um lífslíkur eru lagðar til grundvallar en ekki söguleg gögn sem líkurnar voru áður byggðar á. Ef áfram hefði verið byggt á eldri dánar- og lífslíkum, þá hefði heildarstaða sjóðsins verið jákvæð um 8,6%. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu réttindatöflur taka mið af því að munur milli verðmætis iðgjalda og framtíðarskuldbindinga megi ekki vera umfram 3% jákvæður eða 1% neikvæður. Á aðalfundi sjóðsins 2022 voru kynntar breytingar á réttindatöflum sem taka gildi í byrjun árs 2023 og er þeim ætlað að leiðrétta þennan mun og endurspegla sanngjarna réttindaávinnslu. Munur milli eignaliða og heildarskuldbindinga lífeyrissjóða má samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 ekki reiknast yfir 5% samfellt í fimm ár mælt sem hlutfall af skuldbindingum

2.1.1 Aldurssamsetning

Mynd 2-1 sýnir aldursdreifingu virkra sjóðfélaga og kynjaskiptingu í lok árs 2021. Fjórðungur virkra sjóðfélaga eru konur. Meðalaldur virkra sjóðfélaga var 46 ár, þar af var meðalaldur kvenna 41 ár en meðalaldur virkra karlkyns sjóðfélaga var 47 ár.



Mynd 2-1: Aldursdreifing hjá virkum sjóðfélögum í lok árs 2021

Út frá aldursbili virkra sjóðfélaga, sem er 51 ár, þá á rétt tæplega helmingur sjóðfélaga minna en 23 ár eftir fram að lífeyristökualdri. Fræðilega er horft til þess að draga úr áhættu eftir því sem aldurssamsetning sjóðfélaga er hærri. Meðalaldur sjóðfélaga stendur í stað milli ára og því er ekki ástæða til þess að breyta áhættusækni/áhættufælni sjóðsins út frá breyttri aldurssamsetningu.

2.1.2 Framtíðargreiðsluflæði og áætluð greiðslubyrði

Á mynd 2-2 er áætlað framtíðargreiðsluflæði fyrir sjóðinn, byggt á tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2021. Myndin sýnir framtíðargreiðsluflæði ef hætt yrði að taka á móti iðgjöldum frá nýjum sjóðfélögum. Gert er ráð fyrir óbreyttum launum og 3,5% raunávöxtun. Eins og sést á myndinni má gera ráð fyrir að eignir sjóðsins vaxi stöðugt fram til ársins 2042 en fari eftir það minnkandi.



Mynd 2-2: Framtíðargreiðsluflæði sjóðsins. Eign er sýnd á hægri ás myndarinnar.

Á mynd 2-3 hér að neðan eru sýndar heildar áfallnar og framtíðar skuldbindingar sjóðsins m.v. tryggingafræðilega stöðu sjóðsins í lok árs 2021. Ekki er gert ráð fyrir neinni nýliðun en eins og sést á myndinni eru sjóðfélagar að meðaltali ungir að árum. Skuldbindingar vaxa nokkuð hratt og ná hámarki 2055.



Mynd 2-3: Áfallnar skuldbindingar og framtíðarskuldbindingar.

Á mynd 2-4 má sjá áætlaða lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. samband iðgjalda og lífeyris (elli, maka- og örorkulífeyris). Hvorki er gert ráð fyrir nýliðun né afborgunum eða vöxtum af eignum sjóðsins í þessari framsetningu. Eins og sést á þessari mynd er lífeyrisbyrði sjóðsins lág en hún er 33,3% í árslok 2021. Lífeyrisbyrði nær jafnvægi á árinu 2029, þegar lífeyrisgreiðslur eru áætlaðar svipaðar og greidd iðgjöld. Nettó innstreymi er áætlað um 2,2 milljarðar á árinu 2022. Hafa ber í huga að til einföldunar er gert ráð fyrir að allir sjóðfélagar hefji strax lífeyrisgreiðslur við 67 ára aldur og því kunna iðgjöld að vera vanmetin og lífeyrir ofmetinn í áætlun um nettó innflæði.



Mynd 2-4: Lífeyrisbyrði og nettó innstreymi sjóðsins.

2.2 Markmið og áherslur fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar

Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar Lífsverks er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum. Stjórn Lífsverks leggur áherslu á fjárfestingar innan þeirra heimilda og þrengir reglur að auki í einhverjum tilfellum.

Fjárfestingarumhverfi er krefjandi þar sem há verðbólga með hækkun vaxtastigs og yfirvofandi samdrætti hefur sett verðbréfamarkaði í uppnám um heim allan. Breytingar á fjárfestingarstefnu 2023, samanborið við fjárfestingarstefnu 2022 eru takmarkaðar eins og sjá má í töflu 2-1. Hlutfall skuldabréfa og hlutabréfa er óbreytt milli ára en hlutföllum einstakra eignaflokka skuldabréfa er aðeins hnikað til en eru óbreytt í flokkum hlutabréfa. Markmið um hlutfall erlendra eigna er aukið lítillega. Núverandi markaðsaðstæður á verðbréfamörkuðum, innnanlands og utan og þá sérstaklega á hlutabréfamörkuðum, eru krefjandi og óvissa framundan. Það er mikilvægt fyrir langtímafjárfesti eins og lífeyrissjóð að viðhalda fjárfestingum sínum og fjárfestingarstefnu á slíkum tímum.

Markmið um hlutfall lausafjár er 1% en vikmörkin eru óbreytt. Þau eru nokkuð víð m.a. til að hægt sé að bregðast við ef markaðsaðstæður breytast auk þess sem breytingar á eignasafni gætu leitt til tímabundinnar hærri lausafjárstöðu. Að hluta til er laust fé í erlendum myntum enda á sjóðurinn erlendrar eignir sem m.a. er ætlað til að standa við skuldbindingar sjóðsins í erlendum framtaks-, innviða-, fasteigna- og lánasjóðum.

Gert er ráð fyrir því að hlutfall skuldabréfa samtals sé óbreytt m.v. stefnu 2022 en hlutföll einstakra eignaflokka skuldabréfa er aðeins breytt eins og fyrr sagði. Stærsta breytingin er aukning á hlutfalli sjóðsfélagalána og ríkisbréfa á kostnað veðskuldabréfa og fyrirtækjabréfa. Hlutfall erlendra skuldabréfa er aukið lítillega en dregið úr skuldabréfum útgefnum af lánastofnunum og sveitarfélögum.

Hlutfall hlutabréfa er óbreytt frá því sem var í fjárfestingarstefnu síðasta árs þegar hlutfallið var hækkað töluvert, bæði innlendra og erlendra hlutabréfa. Hlutabréf gefa sögulega betri langtímaávöxtun en skuldabréf en þeim fylgja líka meiri sveiflur í ávöxtun.

Stærstur hluti innlendra hlutabréfa er í skráðum hlutabréfum á Aðallista Kauphallar Íslands eða á First North en lítill hluti er í hlutabréfasjóðum. Erlend hlutabréfaeign er að meginhluta í skráðum hlutabréfasjóðum auk þess sem sjóðurinn er með sérgreint safn hlutabréfa. Hluti hlutabréfa er í óskráðum eignum, m.a. framtaks-, innviða-, lána- og fasteignasjóðum. Staða Lífsverks í innlendum framtakssjóðum hefur staðnað og mun lækka á næstu árum komi ekki til nýrra fjárfestinga. Gert er ráð fyrir að auka skuldbindingar í slíkum sjóðum til langs tíma. Þeir hafa að jafnaði skilað betri langtímaávöxtun en skráð hlutabréf en á móti er seljanleiki þeirra lítill eða enginn. Áfram verður áhersla á að auka hlutfall erlendra eigna jafnt og þétt, sérstaklega skráðra hlutabréfa. Erlendar eignir bæta áhættudreifingu og eru að ákveðnu marki ígildi verðtryggingar á móti verðtryggðum skuldbindingum

sjóðsins. Auk þess er áframhaldandi áhersla á endurskoðun fjárfestinga sem sjóðurinn á í en safn erlendra hlutabréfa er enn nokkuð dreift. Áframhaldandi áhersla er lögð á að auka hlut óskráðra eigna erlendis, sérstaklega framtaks- og innviðasjóða, til langs tíma.

Í byrjun árs 2020 setti stjórn Lífsverks sér stefnu í ábyrgum fjárfestingum, sem uppfærð var í mars 2021 og hafa breytingar á eignasafni frá þeim tíma tekið mið af þessari stefnu. Skoðun stjórnar er að fjárfestingar með áherslu á samfélagslega ábyrgð skili sér í minni áhættu og betri ávöxtun til lengri tíma og bæti þannig hag sjóðfélaga. Fjárfestingar eignastýringar munu taka tillit til þessa. Samhliða setti Lífsverk sér markmið um fjárfestingar í grænum skuldabréfum, í samræmi við stefnu sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum og er það markmið óbreytt milli ára. Gerð er krafa til útgefenda grænna skuldabréfa að skuldabréf þeirra uppfylli alþjóðlega viðurkennda staðla um græn skuldabréf. Endurskoðun stefnu sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum fer fram haustið 2022 og er ætlunin að uppfærð stefna sjóðsins í þeim efnum liggi fyrir snemma árs 2023.

Ef borin er saman fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2023 við eignasamsetningu hans 30.9.2022 sést að gert er ráð fyrir því að hlutfall lausafjár og skuldabréfa lækki og hlutabréfa hækki. Áætlaðar breytingar innan skuldabréfa eru hóflegar en innan hlutabréfa er áhersla á að auka hlutfall erlendra hlutabréfa en minnka hlutfall innlendra hlutabréfa m.v. núverandi eignasamsetningu. Gert er ráð fyrir því að auka hlutfall erlendra eigna og grænna skuldabréfa frá því sem nú er.

Gert er ráð fyrir að markmiðum fjárfestingarstefnu 2023 verði náð á árinu 2023. Miðað við gefnar forsendur í fjárfestingarstefnu 2023 er nafnávöxtun 8,7% og vænt flökt 6,5% í samanburði við 6,1% væntа ávöxtun og 5,6% flökt fyrir fjárfestingarstefnu 2022. Tölur fyrir eignasamsetningu 30.9.2022 eru 8,5% vænt ávöxtun og 6,0% vænt flökt. Framfallsgreining fjárfestingarstefnunnar byggir á áhættumælingum í kafla 1.3 sem og mati á fylgni eignaflokka.

Eignaflokkur	Staðan 30.9.2022	Stefna 2023	Vikmörk 2023	Stefna 2022	Vikmörk 2022
Lausafé	**2,8%**	**1,0%**	**0-12%**	**1,0%**	**0-12%**
Skuldabréf	**51,0%**	**49,0%**	**40-70%**	**49,0%**	**40-70%**
Sjóðfélagalán	15,1%	16,0%	5-25%	13,0%	5-20%
Veðskuldabréf	8,0%	8,0%	5-15%	10,0%	5-15%
Ríkisskuldabréf	9,6%	9,0%	5-15%	7,0%	5-15%
Fyrirtækjaskuldabréf	5,3%	5,0%	0-15%	7,0%	0-15%
Skuldabréf lánastofnana	2,5%	2,0%	0-10%	3,0%	0-10%
Skuldabréf sveitarfélaga	4,7%	4,0%	0-10%	5,0%	0-10%
Erlend skuldabréf	5,8%	5,0%	0-15%	4,0%	0-15%
Hlutabréf	**46,2%**	**50,0%**	**30-60%**	**50,0%**	**30-60%**
Innlend hlutabréf	25,5%	24,0%	15-35%	24,0%	15-35%
Erlend hlutabréf	20,8%	26,0%	12-35%	26,0%	12-35%
Samtals	**100,0%**	**100,0%**		**100,0%**	
Erlendar eignir	26,6%	31,0%	12-50%	30,0%	12-50%
Græn skuldabréf	3,4%	5,0%	0-15%	5,0%	0-15%

Tafla 2-1: Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar 2023.

Lífsverk lífeyrissjóður notar vísitölur sem viðmið þegar ávöxtun er metin og sjá má í töflu 2-2. Viðmið áhættu er staðalfrávik ávöxtunar viðmiðs auk annarra áhættumælikvarða. Nánari útlistun á áhættumati og vöktun leiðarinnar má sjá í áhættustefnu Lífsverks.

Eignaflokkur	Vísitala	Auðkenni
Lausafé	Hagkvæmustu vextir sem Lífsverk býðst á innlánsreikningum lánastofnana hverju sinni	-
Ríkisskuldabréf	Markaðsvegin vísitala ríkisskuldabréfa OMX	NOMXIBB
Fyrirtækjaskuldabréf	Vísitala fyrirtækjaskuldabréfa	KVIKAc
Skuldabréf lánastofnana	Vísitala sértryggðrar útgáfu bankastofnana	KVIKAcb
Skuldabréf sveitarfélaga	Skuldabréfavísitala sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja	KVIKAp
Veðskuldabréf	Kaupkrafa safns við áramót 2022/2023	-
Erlend skuldabréf	Bloomberg Global Aggregate Total Return Index	LEGATRUU
Innlend hlutabréf	OMX Iceland All-Share GI	OMXIGI
Erlend hlutabréf	MSCI All Country World Index (heimsvísitala hlutabréfa)	NDUEACWF

Tafla 2-2: Viðmiðunarvísitölur samtryggingardeildar.

2.2.1 Takmarkanir, viðmið og markmið fyrir samtryggingardeild

Lífsverk lífeyrissjóður setur sér fjárfestingarstefnu eftir eignaflokkum samanber töflu 2-1 en til viðbótar skal sjóðurinn setja sér fjárfestingarstefnu eftir tegundaflokkum A til F (sbr. fylgiskjal í viðauka) þar sem miða skal við vægi eins og kemur fram í töflu 2-3.

Skipting eftir tegundaflokkun 36. gr. a laga nr. 129/1997	Hámark samkvæmt lögum	Hámark samkvæmt stefnu
Tegundaflokkur A	Engin takmörk	-
Tegundaflokkur B	Engin takmörk	-
Tegundaflokkur C til F	80%	**80%**
Tegundaflokkur D til F	60%	**60%**
Tegundaflokkur F	10%	**10%**

Tafla 2-3: Skipting eftir tegundaflokkun skv. lögum og stefnu.

Samtryggingardeild Lífsverks lífeyrissjóðs hlítir takmörkunum sem sjóðnum eru settar með lögum og reglugerðum en þrengir reglur að auki í einhverjum tilfellum eins og sést í töflu 2-4, auk þess að fjallað er um þær í kaflanum eftir því sem við á.

Takmörkun	Hámark samkvæmt lögum	Hámark samkvæmt stefnu
Hlutabréf*	60%	**60%**
Skuldabréf*	-	**70%**
Fjármálagerningar sem ekki eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað*	20%	**20%**
Fjármálagerningar sem eru skráðir á markaðstorg fjármálagerninga (MTF)*	5%	**5%**
Fasteignaveðtryggð skuldabréf*	-	**35%**
Fjármálagerningar sama útgefanda*	10%	**5%**
Afleiður sama útgefanda*	5%	**5%**
Eignir í erlendum myntum*	50%	**50%**
Fjármálagerningar og innlán sama viðskiptabanka eða sparisjóðs*	25%	**25%**
Sértryggð skuldabréf sama útgefanda*	10%	**10%**
Hlutfall af hverjum verðbréfasjóð eða einstakri deild hans	25%	**25%**
Hlutafé í félagi sem eingöngu sinnir þjónustuverkum fyrir lífeyrissjóðinn	100%	**100%**
Hlutafé hvers félags, hlutdeildarskírteini eða hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	20%	**20%**
Sjóðir innan sama rekstrarfélags	-	**25%**

* af hreinni eign sjóðsins

Tafla 2-4: Helstu takmarkanir skv. lögum og stefnu.

Val á fjárfestingum tekur mið af margvíslegum þáttum, m.a. er horft til stöðu eigna og fjárfestingarstefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar auk fýsileika fjárfestingar þar sem hún þarf að samræmast markmiði um að ávaxta fé sjóðsins á sem hagkvæmast hátt, þ.e. tryggja hámarksávöxtun a.t.t. áhættu. Hér á eftir eru upplýsingar um einstaka eignaflokka innan fjárfestingarstefnu, viðmið sem horft er til við val á fjárfestingum og þau markmið sem leitast er við að ná.

Lausafé

Til lausafjár teljast innlánsreikningar og lausafjársjóðir, innanlands og utan.

- Markmið um hlutfall lausafjár er 1% en heimilt er að geyma allt að 12% eigna í lausafé, oftast sem tímabundna ráðstöfun.
- Leitast er við að finna hagstæðustu lausafjárkjör sem bjóðast hverju sinni a.t.t. áhættu.

Innlend skuldabréf

Sjóðurinn leitast við að fjárfesta í dreifðu safni innlendra skuldabréfa sem samanstanda af fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, skuldabréfum með ábyrgð ríkis, skuldabréfum sveitarfélaga, fyrirtækjaskuldabréfum og skuldabréfum lánastofnana.

Fasteignatryggð skuldabréf

Fasteignaveðtryggð skuldabréf samanstanda annars vegar af sjóðfélagalánum og hins vegar af öðrum fasteignaveðskuldabréfum, sem geta ýmist verið einstök veðskuldabréf eða innan veðskuldabréfasjóða. Hámarkshlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa er 35% af hreinni eign sjóðsins. Heimilt er að kaupa fasteignaveðtryggð skuldabréf, enda fari veðhlutfall ekki umfram 75% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis eða 50% af markaðsvirði annarra fasteigna við lánveitingu. Skuldabréf með veðhlutfall umfram það eru flokkuð meðal annarra skuldabréfa.

- Sjóðfélagalán:
    - Nánari upplýsingar um skilmála sjóðfélagalána er að finna í lánareglum sjóðsins sem eru í gildi á hverjum tíma. Stjórn samþykkir reglur sjóðfélagalána og eru þær aðgengilegar á vef sjóðsins.
    - Meðallíftími verðtryggðra sjóðfélagalána er 15,9 ár og óverðtryggðra 20,9 ár m.v. 30.9.2022. Öll sjóðfélagalán eru uppgreiðanleg án uppgreiðsluþóknunar.
- Önnur fasteignaveðtryggð skuldabréf:
    - Veðandlag er metið hæft til þess að afla viðunandi tekna og vera hæft til endursölu. Þar er helst horft til staðsetningar og ástands fasteignar.
    - Almennt skal m.v. að verðmat liggi fyrir. Ef ástæða þykir til er leitað til fasteignasala til að fá uppfært verðmat.
- Veðskuldabréfasjóðir. Helstu viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á innlendum veðskuldabréfasjóði eru:
    - Fjárfestingarstefna skal vera skýr og afmörkuð.
    - Samsetning þóknana skal vera ásættanleg og þær hóflegar.
    - Trúverðugleiki UFS stefnu sjóðs og rekstraraðila, ef við á.
    - Skilmálar verndi fagfjárfesta og taki á helstu ágreiningsefnum sem geta komið upp yfir langan líftíma sjóðs.
    - Reynsla rekstraraðila sé viðeigandi þar sem teymið sé með hæfni og reynslu til að reka viðkomandi sjóð.

Skuldabréf með ábyrgð ríkis

Skuldabréf útgefin með ábyrgð ríkis samanstanda af skuldabréfum með beinni og óbeinni ábyrgð Ríkissjóðs Íslands.

- Við fjárfestingar í ríkisbréfum og skuldabréfum með ábyrgð ríkisins er lánshæfismat ríkis lagt til grundvallar, auk þess að horft er til að skilmálar skuldabréfa tryggi hag skuldabréfaeigenda.
- Markmið um meðallíftíma ríkisskuldabréfa og skuldabréfa með ábyrgð ríkisins er 6–9 ár. Meðallíftími skuldabréfa með ábyrgð ríkis er 7,2 ár m.v. 30.9.2022.
- M.v. 30.9.2022 þá eru 7,4% innlendra skuldabréfa með ábyrgð ríkis færð á markaðskröfu og því með virka stýringu en 92,6% eru færð á kaupkröfu og eru því ekki í virkri stýringu.

Önnur skuldabréf

Önnur skuldabréf samanstanda af skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum, lánastofnunum og sveitarfélögum auk Lánasjóðs sveitarfélaga (LSS).

- Við fjárfestingar í innlendum skuldabréfum er leitast við að fjárfesta í skuldabréfum traustra útgefenda og horft til þess að skilmálar skuldabréfa tryggi hag skuldabréfaeigenda.
- Ef ekki liggur fyrir opinbert lánshæfismat er greiðsluhæfi skuldara metið innanhúss. Gerð lánshæfismats miðast að öllu jöfnu við að eign sjóðsins í verðbréfum viðkomandi útgefanda nemi meira en 1% af hreinni eign sjóðsins.
- Markmið um meðallíftíma annarra skuldabréfaflokka er 6–12 ár. Meðallíftími annarra skuldabréfa er 6,7 ár m.v. 30.9.2022.
- M.v. 30.9.2022 eru 37,6% þeirra bréfa sem teljast til annarra innlendra skuldabréfa færð á markaðskröfu og því í virkri stýringu en 62,4% bréfanna eru færð á kaupkröfu og ekki í virkri stýringu.

Innlend hlutabréf

Sjóðurinn leitast við að fjárfesta í dreifðu safni innlendra hlutabréfa skráðum í kauphöll auk þess að fjárfesta í innlendum óskráðum sjóðum og óskráðum hlutabréfum.

Innlend skráð hlutabréf

Innlend skráð hlutabréf samanstanda af innlendum hlutabréfum skráðum á Aðallista Kauphallar Íslands, erlendum kauphöllum eða á First North.

- Við val á innlendum skráðum hlutabréfum er einkum horft til þess hvort fjárfesting í félaginu sé góður fjárfestingarkostur og geti skilað sjóðnum arðsemi til lengri tíma litið.
    - Horft er til verðlagningar á hlutabréfi þegar hugað er að kaupum eða sölu.
    - Horft til UFS þátta í rekstri félags og UFS áhætta metin.
    - Hugað er að samvali innan innlends hlutabréfasafns bæði varðandi kaup og sölu eigna.
- Safn innlendra skráðra hlutabréfa er allt í virkri stýringu.
- Að jafnaði er miðað við að safn sé í samræmi við skiptingu atvinnuflokka vísitölu, OMX Iceland All-Share GI. Leitast skal við að dreifa fjárfestingum milli atvinnugreina á innlendum markaði eins og unnt er og með áhættudreifingu að leiðarljósi. Atvinnugreinaskipting á innlendum hlutabréfum ræðst svo einnig af markaðsaðstæðum hverju sinni þar sem aukin vigt er lögð á ákveðnar atvinnugreinar fremur en aðrar.

Innlend óskráð hlutabréf

Lífsverk fjárfestir í innlendum óskráðum framtaks-, innviða-, fasteigna- og nýsköpunarsjóðum. Leitast er við að fjárfesta á sjóðsformi þó heimilt sé að fjárfesta beint í óskráðum hlutafélögum.

- Helstu viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á innlendum óskráðum sjóði eru:
    - Hvort fjárfestingarstefna sé skýr og afmörkuð.
    - Trúverðugleiki UFS stefnu sjóðs og rekstraraðila.
    - Samsetning þóknana sé ásættanleg og þær hóflegar.
    - Stofnskjöl og skilmálar verndi fagfjárfesta og taki á helstu ágreiningsefnum sem geta komið upp yfir langan líftíma sjóðs.
    - Reynsla rekstraraðila sé viðeigandi þar sem teymið hafi hæfni og reynslu til að reka viðkomandi sjóð.
- Heimilt er að fjárfesta í nýsköpun innanlands með áherslu á að fjárfesta í sjóðum. Viðmið við fjárfestingar í nýsköpunarsjóðum er sambærilegt og hér að ofan fyrir aðra innlenda óskráða sjóði en auk þess er mikilvægt að meta sérstaklega:
    - Að teymi sé hæft til að reka nýsköpunarsjóð, þ.e. hafi viðeigandi reynslu og hæfni til að meta fjárfestingar á nýsköpunarstigi og viðhafa þá eftirfylgni sem þarf.
- Heimilt er að fjárfesta í einstökum óskráðum hlutabréfum þar sem helst er horft til:
    - Vaxtamöguleika hvers félags og verðlagningar.
    - UFS þátta í rekstri félags og UFS áhætta metin.
    - Reynslu og hæfis stjórnendateymis.
    - Fjárfesting í óskráðum hlutabréfum auki fjölbreytni atvinnugreinaskiptingar innlends hlutabréfasafns.

Erlend verðbréf

Fjárfestingar á erlendum mörkuðum eru aðallega í gegnum sjóði, annars vegar skráða hlutabréfa- eða skuldabréfasjóði auk þess að sjóðurinn á í sérgreindu safni skráðra erlendra hlutabréfa og hins vegar óskráða sjóði. Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum milli atvinnugreina á erlendum mörkuðum til að ná fram ákjósanlegu samspili áhættu og ávöxtunar.

Erlendir skráðir hlutabréfa- og skuldabréfasjóðir

Erlendum skráðum hlutabréfasjóðum má skipta annars vegar í hlutlausa sjóði (e. passive fund), þ.e. sjóðir sem fjárfesta í samræmi við ákveðna vísitölu og hins vegar í virka sjóði (e. active fund), þ.e. sjóðir

með ákveðnar áherslur eða sérhæfingu í fjárfestingarstefnu. Helstu viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á erlendum skráðum hlutabréfasjóði og sérgreindu safni hlutabréfa eru:

- Hvort fjárfestingarstefna sjóðs sé skýr og afmörkuð þar sem m.a. hermiskekkja er metin.
- Horft til árangurs a.t.t. áhættu.
- Samvalsáhrif sjóðs í safni erlendra hlutabréfa eru metin.
- Þóknanir séu ásættanlegar.
- Orðspor og reynsla rekstraraðila
- UFS áherslur eru veigamikil þáttur við mat á fýsileika fjárfestingar.
    - M.a. er lagt mat á trúverðugleika UFS stefnu sjóðs og rekstraraðila.
- Safn erlendra skráðra hlutabréfasjóða er allt í virkri stýringu, en skiptist í vísitölusjóði og sjóði með sérhæfða fjárfestingarstefnu.
    - M.v. 30.9.2022 þá er 35,5% í vísitölusjóðum og 64,5% í sjóðum með sérhæfða fjárfestingarstefnu.
- Markmið lífeyrissjóðsins er að vera ekki með veruleg frávik frá atvinnugreinaskiptingu heimsvísitölu hlutabréfa, MSCI AC vísitölunni.
    - M.v. eignaskiptingu 30.9.2022 eru undirvigtir í orkugeira og efnisgeira en yfirvigt í tækni- og fjarskiptageira en aðrar atvinnugreinar eru meira og minna hlutlausar gagnvart vísitölu.
- Lífsverk fjárfestir helst í sjóðum sem fjárfesta á alþjóðavísu en útilokar ekki að fjárfesta í sjóðum sem sérhæfa sig í fjárfestingum á tilteknu landsvæði.

Helstu viðmið við val á erlendum skráðum skuldabréfasjóðum eru að mörgu leyti sambærileg við erlenda hlutabréfasjóði sem talin voru upp hér að ofan.

- Lífsverk horfir til þess að fjárfesta aðallega í sjóðum sem fjárfesta í fjárfestingarhæfum skuldabréfum (e. Investment grade) á alþjóðavísu.
    - Sjóðurinn útilokar ekki að fjárfesta í sjóðum með tiltekna landsvæða sérhæfingu.
    - Sjóðurinn útilokar ekki að fjárfesta í sjóðum með tilteknar áherslur í fjárfestingarstefnu.

Erlendir óskráðir hlutabréfa- og skuldabréfasjóðir

Erlendar óskráðar fjárfestingar samanstanda af erlendum framtaks-, fasteigna-, innviða-, lána- og vogunarsjóðum. Helstu viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á erlendum óskráðum sjóði eru:

- Horft er til fjárfestingarstefnu sjóðs, til dæmis varðandi sérhæfingu og landsvæðaskiptingu.
- Leitast er við að velja sjóði sem skila ávöxtun með því að auka virði eigna með sérstökum aðgerðum og áherslum.
- Árangur fyrri sjóða viðkomandi eignastýringaraðila er metinn sem og áhættustig.
- UFS áherslur í fjárfestingarstefnu sjóðs spila lykilhlutverk í mati á fýsileika fjárfestingarkosts.
- Áhersla er lögð á mat á eignastýringarfyrirtæki og fjárfestingarteymi hvers sjóðs enda skipta orðspor og tengingar þeirra aðila sem stýra sjóði sköpum fyrir fjárfestingarmengi hvers sjóðs og þar af leiðandi fyrir fjárfestinga- og sölumöguleika eigna.
- Skuldsetning sé ásættanleg.
- Samsetning þóknana sé ásættanleg og þær hóflegar.
- Stofnskjöl og skilmálar séu hliðhollir fagfjárfestum eftir því sem kostur er.

Eignir í erlendum gjaldmiðlum

Markmið sjóðsins um gjaldmiðlasamsetningu á árinu 2023 er 31% í erlendri mynt og 69% í íslenskri krónu. Langtímamarkmið sjóðsins er að auka hlutfall erlendra mynta enn frekar.

- Eignir í erlendum myntum geta verið að hámarki 50% af hreinni eign.

Myntsamsetning ákvarðast út frá gjaldmiðlasamsetningu erlendra verðbréfa í eigu sjóðsins.

- Miðað við eignaskiptingu þann 30.9.2022 þá er gjaldmiðlasamsetning undirliggjandi eigna í skráðum erlendum hlutabréfasjóðum 59,7% í dollar, 13,3% í evrum, 4,7% í pundum, 4,3% í jenum, og 18,0% í öðrum gjaldmiðlum.

Aðrar takmarkanir

Samþjöppunaráhætta sjóðsins er aðallega á innlendum verðbréfamarkaði og felur í sér samanlagða áhættu eigna og samninga sem annaðhvort eru útgefnir af mótaðila eða fela í sér útlánaígildi á hann, þ.m.t. hlutabréf, skuldabréf, afleiður og aðrir fjármálagerningar. Þar er m.v. að:

- Litið er á tengda aðila sem sama aðilann.
- Samanlögð eign á einstakan mótaðila, aðra en opinbera aðila, má ekki fara yfir 5% af hreinni eign nema með samþykki stjórnar. Tekið er tillit til væntra endurheimta.
    - Hlutabréfaeign í einstökum mótaðila má ekki fara yfir 3% af hreinni eign sjóðsins.

Heimilt er að ganga til afleiðusamninga til áhættuvarna. Annars vegar til framvirkra gjaldeyrissamninga til að verja framtíðarskuldbindingar sjóðsins og hins vegar til afleiðusamninga til varnar erlendri markaðsáhættu.

- Afleiður geta að hámarki numið 10% af safni, svo fremi að tilgangur þeirra sé að draga úr áhættu sjóðsins eða þær fela aðeins í sér kauprétt eða áskriftarréttindi.
- Afleiður sama útgefanda geta verið að hámarki 5% af hreinni eign sjóðsins.

3. Fjárfestingarstefna séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

Séreignardeild og tilgreind séreignardeild Lífsverks lífeyrissjóðs samanstanda af þremur fjárfestingarleiðum sem er útvistað í virka stýringu; Lífsverk 1, Lífsverk 2 og Lífsverk 3.

Lífsverk 1 inniheldur hæsta hlutfall hlutabréfa og er því áhættumest. Yngri einstaklingar fjárfesta til lengri tíma og þola því meiri sveiflur. Þar af leiðandi hentar leiðin þessum hópi vel. Lífsverk 2 inniheldur lægra hlutfall hlutabréfa en Lífsverk 1 og er því áhættuminni. Um miðjan starfsaldur minnkar þol fyrir sveiflum og þar af leiðandi hentar leiðin þessum hópi betur. Lífsverk 3 inniheldur ekki nein hlutabréf og er því áhættuminnsta leiðin. Þegar nálgast tekur eftirlaunaaldur eða fyrir einstaklinga sem komnir eru á eftirlaun skiptir öryggi meira máli og því hentar leiðin þessum hópi vel.

Fjárfestingarstefna séreignardeilda Lífsverks tekur mið af áætluðum fjárfestingartíma sjóðfélaga í hverri deild. Eins og sjá má á mynd 3-1 er meirihluti yngri sjóðfélaga í Lífsverki 1 og 2 og því gefst aukið rými til fjárfestinga í eignum sem gefa meira af sér til lengri tíma. Áætlun um framtíðargreiðsluflæði tekur mið af aldursdreifingu leiðanna og því er gert ráð fyrir því að útgreiðslur úr Lífsverki 1 og 2 dreifist yfir lengri tíma en úr Lífsverki 3. Fjöldi sjóðfélaga í Lífsverki 3 er dreifðari og hlutfallslegur aldur hærri heldur en í hinum leiðunum, þar af leiðandi eru fjárfestingar hugsaðar til skemmri tíma.

Við fjárfestingar fyrir séreignardeildir þarf að gæta þess að velja auðseljanleg bréf þar sem rétthafar geta óskað eftir flutningi innstæða til annarra vörsluaðila eða á milli leiða með skömmum fyrirvara. Stuðst er við sama mat á ávöxtun og áhættu eignaflokka og kemur fram í kafla 1.3.



Mynd 3-1: Aldursdreifing virkra rétthafa í séreign.

Við ákvörðun markmiða fyrir fjárfestingarleiðir séreignardeilda var horft til þess að Lífsverk gæti boðið upp á breiða línu af leiðum sem einnig væru samkeppnishæfar við séreignarleiðir annarra sjóða. Á árinu 2023 eru lagðar til breytingar á einstökum eignaflokkum þannig að hlutur erlendra hlutabréfa verði aukinn í Lífsverki 1 á kostnað innlendra hlutabréfa og hlutur ríkisskuldabréfa aukinn á kostnað skuldabréfa lánastofnana en annað verði óbreytt. Í Lífsverki 2 er lagt til að auka hlut erlendra skuldabréfa á kostnað skuldabréfa lánastofnana og auka hlut erlendra hlutabréfa á kostnað innlendra. Í Lífsverki 3 er lagt til að auka hlut ríkisskuldabréfa og lækka hlut skuldabréfa lánastofnana en auka hlut veðskuldabréfa og erlendra skuldabréfa. Allar séreignarleiðir eru að megninu til í auðseljanlegum eignum og áfram er því ekki þörf fyrir að vera með háar fjárhæðir í lausu fé.

Lögð verður áfram áhersla á árinu 2023 að rýna fjárfestingar séreignar með tilliti til stefnu Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum svo öll þau markmið, sem stjórn Lífsverks hefur sett sér þar, endurspeglist í fjárfestingum leiðanna þriggja.

3.1 Fjárfestingarstefna Lífsverks 1

Gert er ráð fyrir að markmið fjárfestingarstefnu 2023 verði náð á árinu 2023. Miðað við gefnar forsendur í fjárfestingarstefnu 2023 er vænt nafnávöxtun 8,7% og vænt flökt 6,5% skv. framfallsgreiningu. Tölur fyrir eignasamsetningu 30.9.2022 eru 8,5% vænt ávöxtun og 5,6% vænt flökt.

Eignaflokkur	Staðan 30.9.2022	Stefna 2023	Vikmörk 2023	Stefna 2022	Vikmörk 2022
Lausafé	**2,8%**	**0,0%**	**0-50%**	**0,0%**	**0-50%**
Skuldabréf	**54,5%**	**50,0%**	**20-80%**	**50,0%**	**20-80%**
Ríkisskuldabréf	17,4%	14,0%	0-80%	11,0%	0-80%
Fyrirtækjaskuldabréf	7,7%	7,0%	0-30%	7,0%	0-30%
Skuldabréf lánastofnana	13,9%	15,0%	0-40%	18,0%	0-40%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,4%	4,0%	0-15%	4,0%	0-15%
Veðskuldabréf	7,1%	5,0%	0-15%	5,0%	0-15%
Erlend skuldabréf	3,0%	5,0%	0-30%	5,0%	0-30%
Hlutabréf	**42,8%**	**50,0%**	**20-60%**	**50,0%**	**20-60%**
Innlend hlutabréf	28,3%	25,0%	10-50%	30,0%	10-50%
Erlend hlutabréf	14,5%	25,0%	10-50%	20,0%	10-50%
Samtals	**100,0%**	**100,0%**		**100,0%**	
Erlendar eignir	17,4%	30,0%	10-50%	25,0%	10-50%

Tafla 3-1: Fjárfestingarstefna Lífsverks 1 fyrir árið 2023.

Viðmið leiðarinnar er samsett úr nokkrum viðmiðunarvísitölum sbr. töflu 3-2. Viðmið áhættu er staðalfrávik ávöxtunar af viðmiðinu auk annarra áhættumælikvarða. Nánari útlistun á áhættumati og vöktun leiðarinnar má sjá í áhættustefnu Lífsverks.

Eignaflokkur	Vísitala	Auðkenni
Ríkisskuldabréf	Markaðsvegin vísitala ríkisskuldabréfa OMX	NOMXIBB
Fyrirtækjaskuldabréf	Vísitala fyrirtækjaskuldabréfa	KVIKAc
Skuldabréf lánastofnana	Vísitala sértryggðrar útgáfu bankastofnana	KvikaAcb
Skuldabréf sveitarfélaga	Skuldabréfavísitala sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja	KVIKAp
Veðskuldabréf	10 ára verðtryggð vísitala + álag	OMXI10YI + 140pb
Erlend skuldabréf	BBG Barclays Global Aggregate BI	LEGATRUU
Innlend hlutabréf	Markaðsvegin hlutabréfavísitala OMX (hámark útgefanda 35%)	OMXI10ICAPGI
Erlend hlutabréf	MSCI All Country World Index (heimsvísitala hlutabréfa)	NDUEACWF

Tafla 3-2: Viðmiðunarvísitölur Lífsverks 1.

3.1.1 Takmarkanir, viðmið og markmið fyrir Lífsverk 1

Upplýsingar um helstu takmarkanir, viðmið og markmið fyrir einstaka eignaflokka eftir því sem við á.

- Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni er 10% af heildareignum Lífsverks 1. Þessi takmörkun gildir þó hvorki um verðbréf með ríkisábyrgð né sértryggð skuldabréf fjármálafyrirtækja.
- Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja er 10%.
- Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði er 25%.
- Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða deild þeirra er 20%.
- Hámarksfjárfesting í verðbréfasjóðum eða fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags er 20%.
- Hlutfall eigna í virkri stýringu er 100%
- Afleiður geta að hámarki numið 10% af safni, svo fremi að tilgangur þeirra sé að draga úr áhættu sjóðsins eða þær fela aðeins í sér kauprétt eða áskriftarréttindi.
- Fjárfesting í óskráðum bréfum er ekki heimil nema með sérstöku samþykki framkvæmdastjóra.
- Fjárfestingar skulu uppfylla kröfur sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

Eignastýringu á fjárfestingarleiðum séreignardeilda Lífsverks er útvistað, þar sem val á fjárfestingum fer fram. Hér á eftir eru upplýsingar varðandi helstu viðmið sem horft er til fyrir einstaka eignaflokka og markmið sem leitast er við að ná.

Lausafé

Til lausafjár teljast innlánsreikningar og lausafjársjóðir. Bæði er horft til innlána í krónum sem og erlendum gjaldmiðlum. Ekki er stefnt að því að vera með lausafé en vikmörk leyfa að geyma allt að 50% eigna í lausu fé, sem oftast væri þá tímabundin ráðstöfun.

Skuldabréf

Lífsverk 1 leitast við að fjárfesta í dreifðu safni innlendra skuldabréfa sem samanstanda af skuldabréfum með ábyrgð ríkis, fyrirtækjaskuldabréfum, skuldabréfum lánastofnana, skuldabréfum sveitarfélaga og fasteignaveðtryggðum skuldabréfum. Fjárfestingar í erlendum skuldabréfum eru hluti af fjárfestingarstefnu. Takmarka skal markaðsáhættu skuldabréfa með því að meðallíftími skuldabréfasafns fari ekki yfir 10 ár. Meðallíftími innlends skuldabréfasafns þann 30.9.2022 er 4,0 ár.

Ríkisskuldabréf

Varðandi ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins er horft til markaðsveginnar vísitölu ríkisskuldabréfa OMX (NOMXIBB). Markaðsaðstæður ráða því hversu frábrugðin eignastaða leiðarinnar er vísitölunni. Helstu breytur sem horft er til eru líftími og verðtryggingarhlutfall ríkisskuldabréfa.

Skuldabréf fyrirtækja

Við kaup á skuldabréfum fyrirtækja er horft til vísitölu fyrirtækjaskuldabréfa (KVIKAc). Lögð er áhersla á vel rekin fyrirtæki og stofnanir, t.d. fasteignafélög, rekstrarfélög, stofnanir og tryggingafélög. Horft er til fyrirtækja sem hafa sterkan tekjugrunn og traustan efnahag.

Skuldabréf lánastofnana

Við fjárfestingu í skuldabréfum lánastofnana er einkum horft til sértryggðra skuldabréfa bankastofnana. Lagt er upp með að fjárfesting sé vel dreifð milli útgefenda. Undirliggjandi vísitala eignaflokksins er skuldabréfavísitala sértryggðrar útgáfu bankastofnana (KVIKAcb).

Skuldabréf sveitarfélaga

Viðmið fjárfestinga í skuldabréfum sveitarfélaga er skuldabréfavísitala sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja (KVIKAp). Við mat á lánshæfi sveitarfélaga er horft til skuldsetningar og getu þeirra til að standast þær.

Veðskuldabréf

Hámarkshlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa er 15% af hreinni eign leiðarinnar. Fasteignaveðtryggð skuldabréf geta verið með veði í íbúðarhúsnæði sem miðast við 75% veðsetningarhlutfall af markaðsvirði eða atvinnuhúsnæði sem miðast við 50% veðsetningarhlutfall af markaðsvirði. Veðandlag skal metið hæft til þess að afla viðunandi tekna og vera hæft til endursölu. Skilyrði er að veðandlag sé ekki í þróun (byggingarstig skal vera 7). Vísitalan sem horft er til við fjárfestingu í veðskuldabréfum eru 10 ára verðtryggð ríkisskuldabréf að viðbættu 1,40% álagi. Fjárfestingar í veðskuldabréfum séreignaleiða eru aðallega í gegnum vel dreifða veðskuldabréfasjóði.

Erlend skuldabréf

Fjárfest er aðallega í vel dreifðum skuldabréfasjóðum þar sem áhættu er dreift á skuldabréf ríkja sem og á skuldabréf fyrirtækja. Með erlendum skuldabréfafjárfestingum eykst áhættudreifing í eignasafninu þar sem fjárfestingarnar eru í ólíkum hagkerfum heimsins sem og í fyrirtækjum í fjölbreyttri starfsemi. Til viðmiðunar fyrir erlend skuldabréf er notuð skuldabréfavísitala Bloomberg Global Aggregate Index.

Hlutabréf

Lífsverk 1 leitast við að fjárfesta í vel dreifðu safni hlutabréfa á innlendum markaði en einkum er fjárfest í gegnum sjóði á erlendum hlutabréfamörkuðum.

Innlend hlutabréf

Við fjárfestingu í innlendum hlutabréfum er horft til vel dreifðrar markaðsveginnar hlutabréfavísitölu OMX (OMXI10 CAP). Uppbygging innlends hlutabréfasafns fer aðallega í gegnum fjárfestingar í skráðum hlutafélögum. Þá er einnig heimilt að kaupa í sérhæfðum hlutabréfasjóðum. Horft er til fyrirtækja sem hafa sterkan tekjugrunn og traustan efnahag. Þá er jafnframt horft til fyrirtækja sem væntingar eru um að muni skila góðri ávöxtun til framtíðar og hafa góða vaxtamöguleika. Leitast skal við að dreifa fjárfestingum milli atvinnugreina á innlendum markaði eins og unnt er og með áhættudreifingu að leiðarljósi. Innlendur hlutabréfamarkaður er að þroskast og skráðum fyrirtækjum að fjölga. Atvinnugreinaskipting á innlendum hlutabréfum ræðst svo einnig af markaðsaðstæðum hverju sinni þar sem aukin vigt er lögð á tilteknar atvinnugreinar fremur en aðrar.

Erlend hlutabréf

Einkum er fjárfest í erlendum hlutabréfasjóðum, bæði hlutlausum vísitölusjóðum sem og virkum erlendum hlutabréfasjóðum. Lögð er áhersla á að fjárfestingar séu dreifðar á landssvæði og atvinnugeira. Til viðmiðunar fyrir erlend hlutabréf er horft til heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI AC). Leitast skal við að dreifa fjárfestingum milli atvinnugreina á erlendum mörkuðum til að ná fram ákjósanlegu samspili áhættu og ávöxtunar. Markmið er að vera ekki með veruleg frávik frá atvinnugreinaskiptingu MSCI AC vísitölunnar. M.v. eignaskiptingu 30.9.2022 eru helstu undirvigtir í orkugeira, veitum og neytenda-/nauðsynjavörum en yfirvigt í tækni-, fjarskipta- og heilbrigðisgeira. Aðrir atvinnugeirar eru hlutlausir m.v vísitölu.

Eignir í erlendum gjaldmiðlum

Markmið um gjaldmiðlasamsetningu á árinu 2023 er 30% í erlendri mynt og 70% í íslenskri krónu. Þann 30.9.2022 þá eru erlendar eignir 17,4% en eignir í íslenskum krónum 82,6%.

Myntsamsetning ákvarðast út frá gjaldmiðlasamsetningu erlendra verðbréfa. Þann 30.9.2022 þá er gjaldmiðlasamsetning undirliggjandi eigna í skráðum erlendum hlutabréfasjóðum 63,0% í dollar, 6,7% í evrum, 5,5% í pundum, 3,6% í jenum, og 21,2 % í öðrum gjaldmiðlum.

3.2 Fjárfestingarstefna Lífsverks 2

Gert er ráð fyrir að markmið fjárfestingarstefnu 2023 verði náð á árinu 2023. Miðað við gefnar forsendur í fjárfestingarstefnu 2023 er vænt nafnávöxtun 8,2% og vænt flökt 4,4% skv. framfallsgreiningu. Tölur fyrir eignasamsetningu 30.9.2022 eru 8,1% vænt ávöxtun og 3,7% vænt flökt.

Eignaflokkur	Staðan 30.9.2022	Stefna 2023	Vikmörk 2023	Stefna 2022	Vikmörk 2022
Lausafé	**2,9%**	**0,0%**	**0-50%**	**0,0%**	**0-50%**
Skuldabréf	**72,2%**	**70,0%**	**20-80%**	**70,0%**	**20-80%**
Ríkisskuldabréf	23,4%	20,0%	10-80%	20,0%	10-80%
Fyrirtækjaskuldabréf	11,6%	10,0%	0-30%	10,0%	0-30%
Skuldabréf lánastofnana	18,1%	20,0%	0-40%	22,0%	0-40%
Skuldabréf sveitarfélaga	7,0%	6,0%	0-15%	6,0%	0-15%
Veðskuldabréf	8,6%	7,0%	0-15%	7,0%	0-15%
Erlend skuldabréf	3,5%	7,0%	0-30%	5,0%	0-30%
Hlutabréf	**25,0%**	**30,0%**	**10-45%**	**30,0%**	**10-45%**
Innlend hlutabréf	15,4%	15,0%	5-25%	17,0%	5-25%
Erlend hlutabréf	9,5%	15,0%	5-25%	13,0%	5-20%
Samtals	**100,0%**	**100,0%**		**100,0%**	
Erlendar eignir	13,0%	22,0%	5-50%	18,0%	5-50%

Tafla 3-3: Fjárfestingarstefna Lífsverks 2 fyrir árið 2023.

Viðmið leiðarinnar er samsett úr nokkrum viðmiðunarvísitölum sbr. töflu 3-4 hér að neðan. Viðmið áhættu er staðalfrávik ávöxtunar af viðmiðinu auk annarra áhættumælikvarða. Nánari útlistun á áhættumati og vöktun leiðarinnar má sjá í áhættustefnu Lífsverks.

Eignaflokkur	Vísitala	Auðkenni
Ríkisskuldabréf	Markaðsvegin vísitala ríkisskuldabréfa OMX	NOMXIBB
Fyrirtækjaskuldabréf	Vísitala fyrirtækjaskuldabréfa	KVIKAc
Skuldabréf lánastofnana	Vísitala sértryggðrar útgáfu bankastofnana	KvikaAcb
Skuldabréf sveitarfélaga	Skuldabréfavísitala sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja	KVIKAp
Veðskuldabréf	10 ára verðtryggð vísitala + álag	OMXI10YI + 140pb
Erlend skuldabréf	BBG Barclays Global Aggregate BI	LEGATRUU
Innlend hlutabréf	Markaðsvegin hlutabréfavísitala OMX (hámark útgefanda 35%)	OMXI10ICAPGI
Erlend hlutabréf	MSCI All Country World Index (heimsvísitala hlutabréfa)	NDUEACWF

Tafla 3-4: Viðmiðunarvísitölur Lífsverks 2.

3.2.1 Takmarkanir, viðmið og markmið fyrir Lífsverk 2

Upplýsingar um helstu takmarkanir, viðmið og markmið fyrir Lífsverk 2 eftir því sem við á.

- Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni er 10% af heildareignum Lífsverks 2. Þessi takmörkun gildir þó hvorki um verðbréf með ríkisábyrgð né sértryggð skuldabréf fjármálafyrirtækja.
- Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja er 10%.
- Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði er 25%
- Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða deild þeirra er 20%.
- Hámarksfjárfesting í verðbréfasjóðum eða fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags er 20%.
- Hlutfall eigna í virkri stýringu er 100%.
- Afleiður geta að hámarki numið 10% af safni, svo fremi að tilgangur þeirra sé að draga úr áhættu sjóðsins eða þær fela aðeins í sér kauprétt eða áskriftarréttindi.
- Fjárfesting í óskráðum bréfum er ekki heimil nema með sérstöku samþykki framkvæmdastjóra.
- Fjárfestingar skulu uppfylla kröfur sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

Eignastýringu á fjárfestingarleiðum séreignardeilda Lífsverks er útvistað, þar sem val á fjárfestingum fer fram. Hér á eftir eru upplýsingar varðandi helstu viðmið sem horft er til fyrir einstaka eignaflokka og markmið sem leitast er við að ná.

Lausafé

Til lausafjár teljast innlánsreikningar og lausafjársjóðir. Bæði er horft til innlána í krónum sem og erlendum gjaldmiðlum. Ekki er stefnt að því að vera með lausafé en vikmörk leyfa að geyma allt að 50% eigna í lausafé, oftast tímabundin ráðstöfun.

Skuldabréf

Lífsverk 2 leitast við að fjárfesta í dreifðu safni innlendra skuldabréfa sem samanstanda af skuldabréfum með ábyrgð ríkis, fyrirtækjaskuldabréfum, skuldabréfum lánastofnana, skuldabréfum sveitarfélaga og fasteignaveðtryggðum skuldabréfum. Fjárfestingar í erlendum skuldabréfum eru hluti af fjárfestingarstefnu. Takmarka skal markaðsáhættu skuldabréfa með því að meðallíftími skuldabréfasafns fari ekki yfir 10 ár. Meðallíftími innlends skuldabréfasafns þann 30.9.2022 er 5,0 ár.

Ríkisskuldabréf

Varðandi ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins er horft til markaðsveginnar vísitölu ríkisskuldabréfa OMX (NOMXIBB). Markaðsaðstæður ráða því hversu frábrugðin eignastaða leiðarinnar er vísitölunni. Helstu breytur sem horft er til eru líftími og verðtryggingarhlutfall ríkisskuldabréfa.

Skuldabréf fyrirtækja

Við kaup á skuldabréfum fyrirtækja er horft til vísitölu fyrirtækjaskuldabréfa (KVIKAc). Lögð er áhersla á vel rekin fyrirtæki og stofnanir, t.d. fasteignafélög, rekstrarfélög, stofnanir og tryggingafélög. Horft er til fyrirtækja sem hafa sterkan tekjugrunn og traustan efnahag.

Skuldabréf lánastofnana

Við fjárfestingu í skuldabréfum lánastofnana er einkum horft til sértryggðra skuldabréfa bankastofnana. Lagt er upp með að fjárfesting sé vel dreifð milli útgefenda. Undirliggjandi vísitala eignaflokksins er skuldabréfavísitala sértryggðrar útgáfu bankastofnana (KVIKAcb).

Skuldabréf sveitarfélaga

Viðmið fjárfestinga í skuldabréfum sveitarfélaga er skuldabréfavísitala sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja (KVIKAp). Við mat á lánshæfi sveitarfélaga er horft til skuldsetningar og getu þeirra til að standast þær.

Veðskuldabréf

Hámarkshlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa er 15% af hreinni eign leiðarinnar. Fasteignaveðtryggð skuldabréf geta verið með veði í íbúðarhúsnæði sem miðast við 75% veðsetningarhlutfall af markaðsvirði eða atvinnuhúsnæði sem miðast við 50% veðsetningarhlutfall af markaðsvirði. Veðandlag skal metið hæft til þess að afla viðunandi tekna og vera hæft til endursölu. Skilyrði er að veðandlag sé ekki í þróun (byggingarstig skal vera 7). Vísitalan sem horft er til við fjárfestingu í veðskuldabréfum eru 10 ára verðtryggð ríkisskuldabréf að viðbættu 1,40% álagi. Fjárfestingar í veðskuldabréfum séreignaleiða eru aðallega í gegnum vel dreifða veðskuldabréfasjóði.

Erlend skuldabréf

Fjárfest er aðallega í vel dreifðum skuldabréfasjóðum þar sem áhættu er dreift á skuldabréf ríkja sem og á skuldabréf fyrirtækja. Með erlendum skuldabréfafjárfestingum eykst áhættudreifing í eignasafninu þar sem fjárfestingarnar eru í ólíkum hagkerfum heimsins sem og í fyrirtækjum í fjölbreyttri starfsemi. Til viðmiðunar fyrir erlend skuldabréf er notuð skuldabréfavísitala Bloomberg Global Aggregate Index.

Hlutabréf

Lífsverk 2 leitast við að fjárfesta í vel dreifðu safni hlutabréfa á innlendum markaði en einkum er fjárfest í gegnum sjóði á erlendum hlutabréfamörkuðum.

Innlend hlutabréf

Við fjárfestingu í innlendum hlutabréfum er horft til vel dreifðrar markaðsveginnar hlutabréfavísitölu OMX (OMXI10 CAP). Uppbygging innlends hlutabréfasafns fer aðallega í gegnum fjárfestingar í skráðum hlutafélögum. Þá er einnig heimilt að kaupa í sérhæfðum hlutabréfasjóðum. Horft er til fyrirtækja sem hafa sterkan tekjugrunn og traustan efnahag. Þá er jafnframt horft til fyrirtækja sem væntingar eru um að muni skila góðri ávöxtun til framtíðar og hafa góða vaxtamöguleika. Leitast skal við að dreifa fjárfestingum milli atvinnugreina á innlendum markaði eins og unnt er og með áhættudreifingu að leiðarljósi. Innlendur hlutabréfamarkaður er að þroskast og skráðum fyrirtækjum að fjölga. Atvinnugreinaskipting á innlendum hlutabréfum ræðst svo einnig af markaðsaðstæðum hverju sinni þar sem aukin vigt á ákveðnar atvinnugreinar eru valdar fremur en aðrar.

Erlend hlutabréf

Einkum er fjárfest í erlendum hlutabréfasjóðum, bæði hlutlausum vísitölusjóðum sem og virkum erlendum hlutabréfasjóðum. Lögð er áhersla á að fjárfestingar séu dreifðar á landssvæði og atvinnugeira. Til viðmiðunar fyrir erlend hlutabréf er horft til heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI AC). Leitast skal eftir því að dreifa fjárfestingum milli atvinnugreina á erlendum mörkuðum til að ná fram ákjósanlegu samspili áhættu og ávöxtunar. Markmið sjóðsins er að vera ekki með veruleg frávik frá atvinnugreinaskiptingu MSCI AC vísitölunnar. M.v. eignaskiptingu 30.9.2022 eru helstu undirvigtir í orkugeira, veitum og nauðsynjavörum en yfirvigt í iðnaði, tækni-, fjarskipta- og heilbrigðisgeira. Aðrir atvinnugeirar eru hlutlausir m.v. vísitölu.

Eignir í erlendum gjaldmiðlum

Markmið um gjaldmiðlasamsetningu á árinu 2023 er 22% í erlendri mynt og 78% í íslenskri krónu. Þann 30.9.2022 þá eru erlendar eignir 13,0% en eignir í íslenskum krónum 87,0%.

Myntsamsetning ákvarðast út gjaldmiðlasamsetningu erlendra verðbréfa. Þann 30.9.2022 þá er gjaldmiðlasamsetning undirliggjandi eigna í skráðum erlendum hlutabréfasjóðum 57,6% í dollar, 6,3% í evrum, 5,6% í pundum, 3,2% í yenum, og 27,3 % í öðrum gjaldmiðlum.

3.3 Fjárfestingarstefna Lífsverks 3

Gert er ráð fyrir að markmið fjárfestingarstefnu 2023 verði náð á árinu 2023. Miðað við gefnar forsendur í fjárfestingarstefnu 2023 er vænt nafnávöxtun 7,1% og vænt flökt 1,8% skv. framfallsgreiningu. Tölur fyrir eignasamsetningu 30.9.2022 eru 7,0% vænt ávöxtun og 1,7% vænt flökt.

Eignaflokkur	Staðan 30.9.2022	Stefna 2023	Vikmörk 2023	Stefna 2022	Vikmörk 2022
Lausafé	**13,6%**	**10,0%**	**0-100%**	**10,0%**	**0-100%**
Skuldabréf	**86,4%**	**90,0%**	**20-100%**	**90,0%**	**20-100%**
Ríkisskuldabréf	49,7%	43,0%	20-100%	40,0%	20-100%
Fyrirtækjaskuldabréf	16,9%	18,0%	0-35%	18,0%	0-35%
Skuldabréf lánastofnana	14,6%	20,0%	0-60%	25,0%	0-60%
Skuldabréf sveitafélaga	1,6%	3,0%	0-20%	3,0%	0-20%
Veðskuldabréf	2,5%	3,0%	0-10%	2,0%	0-10%
Erlend skuldabréf	1,1%	3,0%	0-20%	2,0%	0-20%
Samtals	**100,0%**	**100,0%**		**100,0%**	
Erlendar eignir	1,1%	3,0%	0-20%	2,0%	0-20%

Tafla 3-5: Fjárfestingarstefna Lífsverks 3 fyrir árið 2023.

Ávöxtunarviðmið leiðarinnar eru hagkvæmustu vextir sem Lífsverk býðst á innlánsreikningum lánastofnana hverju sinni. Jafnframt eru skilgreind eignaviðmið fyrir hvern og einn eignaflokk eins og fjallað er um hér að neðan.

3.3.1 Takmarkanir, viðmið og markmið fyrir Lífsverk 3

Upplýsingar um takmarkanir, viðmið og markmið fyrir Lífsverk 3 eftir því sem við á.

- Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni er 10% af heildareignum Lífsverks 3. Þessi takmörkun gildir þó hvorki um verðbréf með ríkisábyrgð né sértryggð skuldabréf fjármálafyrirtækja.
- Ekki er heimilt að fjárfesta í hlutabréfum eða hlutdeildarskírteinum sjóða sem fjárfesta í hlutabréfum.
- Hlutfall eigna í virkri stýringu er 100%.
- Notkun afleiðna er óheimil.
- Fjárfesting í óskráðum bréfum er ekki heimil nema með sérstöku samþykki framkvæmdastjóra.
- Fjárfestingar skulu uppfylla kröfur sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

Eignastýringu á fjárfestingarleiðum séreignardeilda Lífsverks er útvistað, þar sem val á fjárfestingum fer fram. Hér á eftir eru upplýsingar varðandi helstu viðmið sem horft er til fyrir einstaka eignaflokka og markmið sem leitast er við að ná.

Lausafé

Til lausafjár teljast innlánsreikningar og lausafjársjóðir. Bæði er horft til innlána í krónum sem og erlendum gjaldmiðlum. Stefnt er að því að 10% af eignum séu í lausu fé á hverjum tíma.

Skuldabréf

Lífsverk 3 leitast við að fjárfesta í dreifðu safni innlendra skuldabréfa sem samanstanda af skuldabréfum með ábyrgð ríkis, fyrirtækjaskuldabréfum, skuldabréfum lánastofnana, skuldabréfum sveitarfélaga og fasteignaveðtryggðum skuldabréfum. Fjárfestingar í erlendum skuldabréfum eru hluti af fjárfestingarstefnu. Takmarka skal markaðsáhættu skuldabréfa með því að meðallíftími ríkisskuldabréfahluta safnsins fari ekki yfir 4 ár. Þá skal takmarka meðallíftíma skuldabréfa og víxla með ábyrgð banka, sparisjóða og annarra lánastofnana við 4 ár. Meðallíftími innlends skuldabréfasafns þann 30.9.2022 er 1,8 ár.

Ríkisskuldabréf

Varðandi ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins er horft til markaðsveginnar vísitölu ríkisskuldabréfa OMX (NOMXIBB). Markaðsaðstæður ráða því hversu frábrugðin eignastaða leiðarinnar er vísitölunni. Helstu breytur sem horft er til eru líftími og verðtryggingarhlutfall ríkisskuldabréfa

Skuldabréf fyrirtækja

Við kaup á skuldabréfum fyrirtækja er horft til vísitölu fyrirtækjaskuldabréfa (KVIKAc). Lögð er áhersla á vel rekin fyrirtæki og stofnanir, t.d. fasteignafélög, rekstrarfélög, stofnanir og tryggingafélög. Horft er til fyrirtækja sem hafa sterkan tekjugrunn og traustan efnahag.

Skuldabréf lánastofnana

Við fjárfestingu í skuldabréfum lánastofnana er einkum horft til sértryggðrar skuldabréfa bankastofnana. Lagt er upp með að fjárfesting sé vel dreifð milli útgefenda. Undirliggjandi vísitala eignaflokksins er skuldabréfavísitala sértryggðra útgáfu bankastofnana (KVIKAcb).

Skuldabréf sveitarfélaga

Viðmið fjárfestinga í skuldabréfum sveitarfélaga er skuldabréfavísitala sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja (KVIKAp). Við mat á lánshæfi sveitarfélaga er horft til skuldsetningar og getu þeirra til að standast þær.

Veðskuldabréf

Hámarkshlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa er 10% af hreinni eign leiðarinnar. Fasteignaveðtryggð skuldabréf geta verið með veði í íbúðarhúsnæði sem miðast við 75% veðsetningarhlutfall af markaðsvirði eða atvinnuhúsnæði sem miðast við 50% veðsetningarhlutfall af markaðsvirði. Veðandlag skal metið hæft til þess að afla viðunandi tekna og vera hæft til endursölu. Skilyrði er að veðandlag sé ekki í þróun (byggingarstig skal vera 7). Vísitalan sem horft er til við fjárfestingu í veðskuldabréfum eru 10 ára verðtryggð ríkisskuldabréf að viðbættu 1,40% álagi. Fjárfestingar í veðskuldabréfum séreignaleiða eru aðallega í gegnum vel dreifða veðskuldabréfasjóði.

Erlend skuldabréf

Fjárfest er aðallega í vel dreifðum skuldabréfasjóðum þar sem áhættu er dreift á skuldabréf ríkja sem og á skuldabréf fyrirtækja. Með erlendum skuldabréfafjárfestingum eykst áhættudreifing í eignasafninu þar sem fjárfestingarnar eru í ólíkum hagkerfum heimsins sem og í fyrirtækjum í fjölbreyttri starfsemi. Til viðmiðunar fyrir erlend skuldabréf er notuð skuldabréfavísitala Bloomberg Global Aggregate Index

Eignir í erlendum gjaldmiðlum

Markmið um gjaldmiðlasamsetningu á árinu 2023 er 3% í erlendri mynt og 97% í íslenskri krónu. Þann 30.9.2022 þá eru erlendar eignir 1,1% en eignir í íslenskum krónum 98,9%.

4. Undirskrift stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar og séreignardeilda sjóðsins fyrir árið 2023.

Fjárfestingarstefnan tekur gildi við undirritun og verður birt á vefsíðu sjóðsins.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs,

_____

Eva Hlín Dereksdóttir, formaður

_____

Agnar Kofoed-Hansen , varaformaður

_____

Georg Lúðvíksson, meðstjórnandi

_____

Margrét Arnardóttir, meðstjórnandi

_____

Þorbergur Steinn Leifsson, meðstjórnandi

_____

Jón L. Árnason, framkvæmdastjóri

Fylgiskjal I

Lífsverk lífeyrissjóður - Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar 2023

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum 1.-6. tölul. 36. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Markmið um samsetningu eigna skv. formi FME SÍ.

		I	II			III	III		IV	VI	
			Vikmörk**				Vikmörk			Vikmörk	
	*Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs**	Markmið um eigna-samsetningu	Lægri	Efri	Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþykktum ***	Gengisbundin verðbréf	Lægri	Efri	Óskráð verðbréf	Lægri	Efri
A.a	Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	9,0%	5,0%	15,0%	8,9%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%			
A.b	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	20,3%	5,0%	40,0%	19,0%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%			
B.a	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4,0%	0,0%	10,0%	4,7%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,2%	0,0%	5,0%
B.b	Innlán	1,0%	0,0%	12,0%	2,3%	100,0%	1,3%	0,0%	12,0%			
B.c	Sértryggð skuldabréf	2,0%	0,0%	10,0%	2,1%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	0,0%	5,0%
C.a	Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	0,0%	0%	3%	0,4%	80,0%	0,0%	0,0%	3,0%	0,0%	0,0%	3,0%
C.b	Hlutdeildarskírteini eða hlutir í UCITS	18,0%	12,0%	50,0%	13,6%	80,0%	13,6%	0,0%	50,0%			
D.a	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga	5,0%	0,0%	15,0%	6,2%	60,0%	0,5%	0,0%	5,0%	0,7%	0,0%	5,0%
D.b	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annrra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	2,5%	0,0%	5,0%	2,3%	60,0%	0,0%	0,0%	5,0%	1,0%	0,0%	5,0%
E.a	Hlutabréf félaga	24,0%	15,0%	60,0%	25,7%	60,0%	2,3%	0,0%	50,0%	4,6%	0,0%	20,0%
E.b	Hlutdeildarskírteini eða hlutir annrra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	14,0%	0,0%	24,0%	14,6%	60,0%	11,4%	0,0%	24,0%	13,3%	0,0%	20,0%
E.c	Fasteignir	0,0%	0%	3,0%	0,0%	60,0%	0,0%	0,0%	3,0%			
F.a	Afleiður	0,0%	0%	10,0%	0,00%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%
F.b	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,2%	0%	10,0%	0,2%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,2%	0,0%	10,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðli		31,0%	12,0%	50,0%	29,1%	50,0%						

* eða annarra vörsluaðila.

** Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** Hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.

Markmið um eignasamsetningu er miðað við árslok 2023.

Núverandi eignasamsetning er miðuð við stöðu 31.10.2022.

Fylgiskjal II

Lífsverk lífeyrissjóður – Fjárfestingarstefna séreignar og tilgreindrar séreignar Lífsverks 1 2023

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum 1.-6. tölul iðar 36. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Markmið um samsetningu eigna skv. formi FME SÍ.

		I	II			III	III		IV	VI	
			Vikmörk**				Vikmörk			Vikmörk	
	*Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs**	Markmið um eigna-samsetningu	Lægri	Efri	Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþykktum ***	Gengisbundin verðbréf	Lægri	Efri	Óskráð verðbréf	Lægri	Efri
A.a	Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	14,0%	0,0%	80,0%	16,5%	100,0%	0,0%	0,0%	10,0%			
A.b	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0,0%	0,0%	15,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%			
B.a	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4,0%	0,0%	15,0%	5,1%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	0,0%	5,0%
B.b	Innlán	0,0%	0,0%	50,0%	1,0%	100,0%	1,3%	0,0%	50,0%			
B.c	Sértryggð skuldabréf	15,0%	0,0%	40,0%	12,6%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	0,0%	5,0%
C.a	Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	0,0%	0%	5,0%	1,0%	100,0%	0,0%	0,0%	3,0%	0,0%	0,0%	5,0%
C.b	Hlutdeildarskírteini eða hlutir í UCITS	25,0%	0,0%	60,0%	19,1%	100,0%	19,1%	0,0%	50,0%			
D.a	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga	4,0%	0,0%	14,0%	5,2%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	0,0%	5,0%
D.b	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annrra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,0%	0,0%	14,0%	1,9%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,8%	0,0%	5,0%
E.a	Hlutabréf félaga	30,0%	0,0%	60,0%	29,1%	100,0%	0,0%	0,0%	50,0%	0,3%	0,0%	20,0%
E.b	Hlutdeildarskírteini eða hlutir annrra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	8,0%	0,0%	60,0%	8,3%	100,0%	0,0%	0,0%	50,0%	7,2%	0,0%	20,0%
E.c	Fasteignir	8,0%	0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
F.a	Afleiður	0,0%	0%	10,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%
F.b	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0%	10,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðli		30,0%	10,0%	50,0%	20,4%	50,0%						

* eða annarra vörsluaðila.

** Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** Hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.

Markmið um eignasamsetningu er miðað við árslok 2023.

Núverandi eignasamsetning er miðuð við stöðu 31.10.2022.

Fylgiskjal III

Lífsverk lífeyrissjóður - Fjárfestingarstefna séreignar og tilgreindrar séreignar Lífsverks 2 2023

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum 1.-6. tölulíðar 36. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Markmið um samsamsetningu eigna skv. formi FME SÍ.

		I	II			III	III		IV	VI	
			Vikmörk**				Vikmörk			Vikmörk	
	*Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs**	Markmið um eigna-samsetningu	Lægri	Efri	Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþykktum ***	Gengisbundin verðbréf	Lægri	Efri	Óskráð verðbréf	Lægri	Efri
A.a	Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	20,0%	10,0%	80,0%	22,3%	100,0%	0,4%	0,0%	10,0%			
A.b	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1,0%	0,0%	15,0%	0,7%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%			
B.a	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	6,0%	0,0%	15,0%	6,8%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	0,0%	5,0%
B.b	Innlán	0,0%	0,0%	50,0%	3,1%	100,0%	3,5%	0,0%	50,0%			
B.c	Sértryggð skuldabréf	20,0%	0,0%	40,0%	16,6%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	0,0%	5,0%
C.a	Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	0,0%	0%	5%	0,8%	100,0%	0,0%	0,0%	3,0%	0,0%	0,0%	5,0%
C.b	Hlutdeildarskírteini eða hlutir í UCITS	19,0%	0,0%	60,0%	12,9%	100,0%	12,9%	0,0%	50,0%			
D.a	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga	7,0%	0,0%	14,0%	10,2%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,6%	0,0%	5,0%
D.b	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annrra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,0%	0,0%	14,0%	2,2%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,9%	0,0%	5,0%
E.a	Hlutabréf félaga	15,0%	0,0%	45,0%	15,6%	100,0%	0,0%	0,0%	25,0%	0,3%	0,0%	20,0%
E.b	Hlutdeildarskírteini eða hlutir annrra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	12,0%	0,0%	60,0%	8,7%	100,0%	0,0%	0,0%	50,0%	8,0%	0,0%	20,0%
E.c	Fasteignir	0,0%	0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
F.a	Afleiður	0,0%	0%	10,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%
F.b	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0%	10,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðli		22,0%	5,0%	50,0%	16,8%	50,0%						

* eða annarra vörsluaðila.

** Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** Hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.

Markmið um eignasamsetningu er miðað við árslok 2023.

Núverandi eignasamsetning er miðuð við stöðu 31.10.2022

Fylgiskjal IV

Lífsverk lífeyrissjóður - Fjárfestingarstefna séreignar og tilgreindrar séreignar Lífsverks 3 2023

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum 1.-6. tölulíðar 36. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Markmið um samsetningu eigna skv. formi FME SÍ.

		I	II			III	III		IV	VI	
	*Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs**	Markmið um eigna-samsetningu	Vikmörk** Lægri	Efri	Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþykktum ***	Gengisbundin verðbréf	Vikmörk Lægri	Efri	Óskráð verðbréf	Vikmörk Lægri	Efri
A.a	Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	43,0%	20,0%	100,0%	41,4%	100,0%	0,0%	0,0%	10,0%			
A.b	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
B.a	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3,0%	0,0%	20,0%	1,5%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	0,0%	5,0%
B.b	Innlán	10,0%	0,0%	100,0%	22,4%	100,0%	0,0%	0,0%	50,0%			
B.c	Sértryggð skuldabréf	10,0%	0,0%	60,0%	8,0%	100,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	10,0%
C.a	Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	0,0%	0%	10%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
C.b	Hlutdeildarskírteini eða hlutir í UCITS	3,0%	0,0%	20,0%	1,1%	100,0%	1,1%	0,0%	20,0%			
D.a	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D.b	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annrra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
E.a	Hlutabréf félaga	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
E.b	Hlutdeildarskírteini eða hlutir annrra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	31,0%	0,0%	40,0%	25,6%	100,0%	0,0%	0,0%	10,0%	2,5%	0,0%	10,0%
E.c	Fasteignir	0,0%	0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
F.a	Afleiður	0,0%	0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
F.b	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0%	10,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðli		3,0%	0,0%	20,0%	1,1%	50,0%						

* eða annarra vörsluaðila.

** Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** Hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.

Markmið um eignasamsetningu er miðað við árslok 2023.

Núverandi eignasamsetning er miðuð við stöðu 31.10.2022.

Fylgiskjal V

Flokkun eigna samkvæmt tegundaflokkum 1.-6. töluliðar 36. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum.

A.a. Fjármálagerningar sem aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjar gefa út eða ábyrgjast.

A.b. Skuldabréf tryggð með veði í fasteign, enda fari veðhlutfall ekki umfram 75% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis eða 50% af markaðsvirði annarra fasteigna við lánveitingu.

B.a. Fjármálagerningar sem sveitarfélög eða Lánasjóður sveitarfélaga ohf. gefa út eða ábyrgjast.

B.b. Innlán viðskiptabanka og sparisjóða.

B.c. Skuldabréf samkvæmt lögum um sértryggð skuldabréf og samsvarandi skuldabréf útgefin í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

C.a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og vátryggingafélögum, að undanskildum kröfum sem um hefur verið samið að víki fyrir öllum öðrum kröfum.

C.b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði eða tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).

D.a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga.

D.b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

E.a. Hlutabréf félaga.

E.b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

E.c. Fasteignir í aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum.

F.a. Afleiður sem draga úr áhættu sjóðsins eða fela aðeins í sér kauprétt eða áskriftarréttindi, enda sé viðmið þeirra fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, neysluverðsvísitölur, verðbréfavísitölur, vextir eða gengi erlendra gjaldmiðla.

F.b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður.

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

Rafræn skilríki

Undirritað af: Jón Loftur Árnason
Kennitala: 1311602839
Tími: 30.11.2022 8:31
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Georg Lúðvíksson
Kennitala: 0703764909
Tími: 30.11.2022 10:34
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Þorbergur Steinn Leifsson
Kennitala: 1212567469
Tími: 30.11.2022 11:45
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Eva Hlín Dereksdóttir
Kennitala: 0707775849
Tími: 30.11.2022 13:10
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Agnar Kofoed-Hansen
Kennitala: 0704562739
Tími: 30.11.2022 18:33
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Margrét Arnardóttir
Kennitala: 2201754809
Tími: 01.12.2022 0:40
Samþykkt

Undirritað með OneSign